

**Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið**

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

**nr. 20/94
frá 28. október 1994**

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/94 frá 21. mars 1994 um breytingu á bókun 47 og tilteknum viðaukum við EES-samninginn⁽¹⁾.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) 792/94 frá 8. apríl 1994 um nákvæmar reglur um beitingu reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 3118/93 varðandi fyrirtæki sem stunda vöruflutninga á vegum í eigin þágu⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi nýr liður komi aftan við lið 26c (reglugerð ráðsins (EBE) 3118/93) í XIII. viðauka við samninginn:

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 160, 28. 6. 1994, bls. 1 og EES-viðbæturinn nr. 17, 28. 6. 1994, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 92, 9.4.1994, bls. 13.

„26d. 394 R 0792: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) 792/94 frá 8. apríl 1994 um nákvæmar reglur um beitingu reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 3118/93 varðandi fyrirtæki sem stunda vöruflutninga á vegum í eigin þágu (Stjtið. EB nr. L 92, 9. 4. 1994, bls. 13).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

reglugerð þessi gildir ekki um fyrirtæki sem hafa staðfestu í Austurríki og hún gildir ekki heldur í tengslum við vöruflutninga á austurrísku yfirráðasvæði. Tvíhliða samningar milli Austurríkis og hinna samningsaðilanna skulu gilda um gagnkvæman aðgangsrétt.“.

2. gr.

Fullgiltur texti reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) 792/94 á finnsku, íslensku, norsku og sænsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hverju máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 15. desember 1994, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 28. október 1994.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

H. Hafstein

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes

M. Sucker